

Lausnateymi er stuðningsúrræði innan SMT. Þangað geta kennarar leitað þegar þeir eiga í vanda með nemendum í vegna náms-félags eða hegðunarvanda.

Umsjónarkennari leitar eftir samþykki foreldra áður en nemandi er vísað í lausnateymi. Eftir að umsókn hefur borist fundar lausnateymi með umsjónarkennara og farið er yfir umsóknina og lausnir ræddar og ákveðnar. Síðan er skipaður ábyrgðaraðili/ar málsins og samningur gerður við nemandi með samþykki foreldra.

Helstu úrræði teymisins eru:

- Tjékk inn /út (Samtal við nemandi að morgni og við lok skóladags).
- Samningur gerður við nemandi þar sem markmið og leiðir að þeim eru tilgreind.
- Þjálfun í félagsfærni og reiðistjórnun.
- Umbunarkerfi.
- Viðtöl við námsráðgjafa.
- Námslegur stuðningur.
- PMT foreldranámskeið eða meðferð (fyrir foreldra).

Þegar allir aðilar málsins eru sammála um að markmiði/um sé náð er nemandi útskrifaður. Ef ekkert virkar þrátt fyrir ofangreindar aðferðir þá er nemandi vísað í sérfræðiþjónustu eða annað (sjá gátlista um viðbrögð við hegðunarvanda).

Í lausnateymi Síðuskóla sitja

Deildarstjórar

Náms- og starfsráðgjafi/ráðgjafi

Tveir fulltrúar kennara/þroskaþjálfarar

Teymið fundar einu sinni í viku.